

14

6. febr.

9. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, og öðlast gildi 1. marz 1958.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 6. febrúar 1958.*

Lúðvík Jósepsson.

*Gunnlaugur E. Briem.*

15

18. febr.

## FISKVEIÐASAMÞYKKT

fyrir Vestmannaeyjar.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Vestmannaeyjar og nær til allra báta, sem ganga þar til fiskjar yfir vertíð.

#### 2. gr.

Frá 1. janúar til 1. apríl, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar með línu seinna að degi en til kl. 12 á hádegi.

Frá 1. janúar til 31. janúar má eigi fara til fiskjar með línu fyrr en kl. 3 f. h. og frá 1. febrúar til 28. febrúar kl. 2 f. m. og frá 1. marz til 15. apríl kl. 1 f. h. og skal farið eftir sólar- eða meðaltíma. Ofangreint er miðað við, að báðir dagar séu meðtaldir.

Sé róið með línu á tímabilinu frá 16. apríl til 11. maí, að báðum dögum meðtöldum, má róa á öllum tímum nema frá kl. 12 á hádegi til kl. 7 að kveldi.

Sé róið með línu á tímabilinu frá 1. ágúst til áramóta, má ekki róa fyrr en hér segir:

Í ágúst kl. 24, í september kl. 1 f. h., í október kl. 2 f. h. og í nóvember og desember kl. 3 f. h.

Tímamerkið fyrir báta, sem róa austur fyrir Dyrhólaey, skal gefið á sama tíma og á heimamiðum, í gegnum Vestmannaeyjaradíó á bylgjulengd 2308 kílórið.

#### 3. gr.

Nefnd sú, sem kosin er samkv. 5. grein hér á eftir, lætur gefa merki (ljósmerki) úr landi, þegar tíminn er kominn. Öllum bátum er heimilt að fara út á Vík eða inn fyrir Eiði. Sömuleiðis er þeim bátum, er róa ætla á miðin austan Dyrhólaeyjar, heimilt að fara austur að Dyrhólaey. En þar til ljósmerkið er gefið, skulu allir halda sér innan takmarka þeirra, er hér segir:

Þeir, sem eru á Víkinni, mega ekki fara utar en í línu, sem ákveðin er með tveim hvítum ljósum. Ljós þessi eru sett upp ofanvert við Helli á Urðum, þannig að þau mynda beina línu í Klettsnef, þegar þau bera saman.

Þeir, sem fara inn fyrir Eiði, mega ekki fara vestar en að græna innsiglingarljósið á Friðarhafnarbryggju beri saman við gult ljós, sem komið er fyrir á miðju þaki mjöhlússins við „Gúanó“ og ekki norðar en miðið Brekaflá á Bjarnarey í Faxasker að norðan. Og þeir, sem eru austar við Dyrhólaey, mega ekki fara austar en að Dyrhólaeyjarviti miðist í misvísandi NA og skulu þeir halda sig innan við 45 faðma dýpi. Út fyrir þessar línur má enginn bátur fara, fyrr en tímamerkið er gefið,

og telst það fullt brot á samþykktinni, ef nokkur bátur fer að einhverju leyti út fyrir tilteknar línur. Eftirlitsbátar skulu dreifa sér á ofangreindar línur, svo að þeir geti sem bezt fylgt með því, að ákvæðum fiskveiðisamþykktarinnar sé fylgt, og leyfist þeim að sjálfsögðu að fara út fyrir línu til eftirlits. 18. febr.

Á leiðinni út og inn í höfnina, má enginn bátur fara með meiri ferð en svo, að hann láti vel að stjórn.

Smábátar (trillubátar) mega þó ekki fara út fyrir hafnargarða, fyrr en tíma-merkið hefur verið gefið.

Bátar þeir, sem ætla að sækja austur fyrir Dyrhólaey, mega alls ekki leggja línu sína vestan við Dyrhólaey, nema í þeim tilfellum, að veður hamli fiskveiðum austan Dyrhólaeyjar. En þá skulu þeir í öllum tilfellum bíða báta þeirra, sem hafa farið eftir tímamerki á Víkinni og sameinast þeim, áður en þeir fara að leggja.

#### 4. gr.

Formenn skulu gæta þess, að leggja ekki á Leiðina of nærri hver öðrum, heldur með hæfilegu millibili. Þegar Leiðin er athugaverð, má eigi leggja bátum á hana hverjum á móti öðrum, heldur skal beðið eftir þeim bát, sem á Leiðina hefur lagt. Bátur, sem af sjó kemur, hefur forgangsrétt, og fyrir vélbáti gengur róðrabátur. Þegar margir bátar fara saman út eða inn Leiðina, mega þeir ekki fara hraðar en svo, að þeir láti vel að stjórn.

#### 5. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja kýs árlega 9 bátaformenn, þó aldrei færri en að áttundi hver formaður sé gæzlunefndarmaður, til þess að hafa eftirlit með, að fyrir-mælum samþykktar þessarar sé hlýtt.

Skulu gæzlumenn auðkenna báta sína með einu vinnuljósi á miðþilfari, og er öllum öðrum bátum óheimilt að nota slíkt merki.

Brot á ákvæðum þessarar málsgreinar telst sem tímabrot.

## II. KAFLI

#### 6. gr.

Allir bátar, sem fiskveiðar stunda við Vestmannaeyjar, eru skyldir að hafa veiðarfæri sín greinilega merkt. Skal þess vandlega gætt, að engin merki séu svo lík, að ekki sé auðvelt að greina á milli. Sömuleiðis skal skylt að hafa tölusetta línubelgi, þannig, að fyrri endi sé númer 1 og jafnframt skal þar vera ljósbauja.

#### 7. gr.

Bæjarsjórn Vestmannaeyja kýs árlega þriggja manna nefnd, er eftirlit hefur með því, að hlýtt sé ákvæðum 6. gr. Jafnframt skal nefndin halda nákvæma skrá yfir öll merkin. Síðan skal prenta merkjaskrá þessa og fær hver bátur eitt eintak gegn lágu gjaldi.

Kostnaður við prentun og skrásetningu merkjanna greiðist úr hafnarsjóði.

#### 8. gr.

Aðkomubátar eru skyldir að tilkynna merki sín áður en þeir byrja hér fiskveiðar. Nefndin gætir þess, að merki aðkomubáta séu ekki hin sömu eða of lík þeim, sem fyrir eru, og taki þau síðan á merkjaskrá og sjái um að tilkynna þau opinberlega.

15

18. febr.

Enginn bátur má leggja net undir Sandi án útfara. Við hvert útfaraakkeri skal vera að minnsta kosti 5 faðma keðja. Við akkeri, sem vegur 25 kg má í hæsta lagi leggja 8 netum. Við akkeri, sem vegur 35 kg má mest leggja 12 netum, og aldrei fleiri net í trossu undir Sandi. Útfarann skal hafa á þeim enda, sem fjær er landi.

10. gr.

Netadufl skulu útbúin með stöng, sem stendur upp í straumlausu, og flögg úr stinnu efni, svo að þau standi jafnan út frá skafti duflsins.

11. gr.

Öll veiðarfæri, sem notuð eru gagnstætt ákvæðum samþykktar þessarar, mega umsjónarmenn taka og flytja í land, en tafarlaust skulu þeir tilkynna lögreglustjóra upptökuna og alla málavöxtu, og má hann með úrskurði ákveða, að veiðarfærin skulu höfð í haldi, unz eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð um það, að sá, er veiðarfærin voru tekin upp fyrir, sé sýknaður með dómi eða málssókn gegn honum falli niður eða að hann hafi greitt sektir þær, er honum hafi verið gerðar eða sett fullgilda tryggingu fyrir þeim.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 200—5000 krónum. Viðurlög við brotum á 2. gr. skulu vera minnst 500 krónur við fyrsta brot, og hækka síðan um 1000 krónur við hvert ítrekað brot upp í hámark. Sektarfé gangi til hafnarsjóðs Vestmannaeyja.

13. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar í stað gildi, og er þá jafnframt úr gildi felld eldri fiskveiðisamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 43 14. marz 1955.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur gert samkvæmt lögum nr. 86 14. nóv. 1917 og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1958.*

**Lúðvík Jósepsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*